



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna
deiliskipulags á Hnappavöllum í
Öræfum*

Atli Rúnarsson

Október 2025

NV nr. 27-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Október 2025
Skýrsla nr: NV nr. 27-25	Verknúmer: 710	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hnappavöllum í Öræfum		Unnið fyrir: Local Guide ehf.
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða gerði fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Hnappavöllum í Öræfum. Engar minjar fundust á vettvangi en heimild er fyrir þremur húsum á svæðinu.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirlarið af: KSR

EFNISYFIRLIT


1.	Inngangur	4
2.	Skráningarsvæðið	4
3.	Aðferðafræði	4
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	4
3.2	Skráning fornleifa	6
4.	Saga Hnappavalla	6
5.	Fornleifaskrá	8
6.	Niðurstöður	11
7.	Heimildaskrá	12
8.	Kort	13

1. INNGANGUR

Að beiðni Hlyns Axelssonar hjá HAX arkitektúr fyrir hönd Local Guide ehf. gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna deiliskipulags í landi Hnappavalla í Öræfum.

Áformað er að gera fjórar nýjar íbúðahúsaloðir á svæðinu með tilheyrandi vegtenginum sem og að breyta fjárhúsi og hlöðu í þjónustu og gistirými.

Svæðið var gengið og fundust engar minjar á vettvangi en þrjár minjar voru skráðar eftir heimildum. Vettvangsvinna fór fram þann 1. Október 2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða og sá hann einnig um skýrslu og kortagerð.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt með gulri stjörnu.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið var innan jarðar Hnappavalla. Svæðið var um 1.3ha af stærð og var allt gengið. Svæðið var allt sléttað og gróið tún með uppistandandi fjárhúsi og hlöðu í austur enda þess.

Hlutar af jörð Hnappavalla höfðu verið skráðir áður og gerðir voru könnunarskurðir á jörðinni vegna framkvæmda á jörðinni.¹



Mynd 2. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Alir minjastaðir voru skráðir og teknir á þeim staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum er þá lýst og ljósmyndir teknar ef hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

¹ Sjá: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Atli Rúnarsson, 2024, Atli Rúnarsson, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2024 & Gylfi Helgason, 2023

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skýlt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3502 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3502-001.

4. SAGA HNAPPAVALLA

Í Landnámabók segir: „Ásbjörn hét maðr, son Heyjangrs-Bjarna hersis ór Sogni; [...] Ásbjörn fór til Íslands ok dó í hafi, en þorgerðr kona hans, ok synir þeira kómu út ok námu allt Ingólfshöfðahverfi á milli Kvíar ok Jokulsár, ok bjó hon at sandfelli ok Gulaugr, son þeira Ásbjarnar, eptir hana; frá honum eru Sandfellingar komnir. Annarr son þeira var Þorgils, er Hnappfellingar eru frá komnir.“²

Jörðin kemur fram í máldaga Mariukirkju frá árinu 1343 þar segir: „Máldagi Mariukirkju á Hnappavöllum í Öræfum [...] nappaveller [gamall madagi]. Mariukirkia a nappavelli a fiordung j heima lande med ollum gognvm oc giædvu.“³

Árið 1528 kemur jörðin fram í skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ á Síðu. Þar segir: „Item gaf Eirekur Þorsteinsson kirkiubæiar klaustri allan þann skog sem hann hafði fremst eigande ad ordit j skaptafellz heide til æfinligrar eignar oc frials forrædis j suo mäta ad þeir i svinafelli byggj oc a knappauollvm skyllde hafa þar elldivid epter því sem þarnast.“⁴

Árið 1546 selur Þorsteinn Pálsson Hnappavelli í Öræfum fyrir bæi í Barðastrandasýslu til Björns Þorleifssonar.⁵

Jörðin kemur fram í Gíslamáldaga frá 1570 þar segir: „Kirkjur í Minna Héraði og nærlendis. [...] Þessar kirkiur voru forðum i minna hieradi sem nu kallast Öræfe. [...] 2. Mariukirkia á Hnappavöllum ä fiordung i heimalandi.“⁶

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjöllum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1709 segir: „Hnappavellir. Bóndaeign, Jarðardýrleiki xij. Skógarítak til eldingar er jörðunni eignað í Skaftafellsskógi. [...] Reka á jörðin fyrir sínu landi. Ábúandi betalar fjórða hvört ár hundraðs hest fyrir reka, utan hvali. [...] Hnappavallahjáleiga. Byggð úr heimalandi. Dýrleiki er óviss. Landsk. lx ál. Kvaðir: hestlán í kaupstað annað hvert ár. Einnig á hún skóg í Skaftafellsskógi eftir tiltölu í Hnappavallaítaki.“⁷

Í jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er jörðin 12 hundruð og landskuld 1.10 og 4 kúgildi. Í neðanmálgrein segir: „Sýslumaður, sem telur 5 eigendur á öllum Hnappavöllum, nafnir eigi hjáleiguna, en þar á móti prestur; en hvorugur þeirra nefnir Hnappavallahjáleigu, sem jarðabækurnar minnst á.“⁸

Á túnakorti frá um 1920 er ábúandi á Vestur-hjáleigunni Guðrún Þorsteinsdóttir. Túnstærðin er 3,1 teigar (ha) og sáðreitir 883m² að stærð.⁹

² Íslensk fornrit I, 1935-2002, bls. 320

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 773

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 470-471

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 481

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 713

⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XIII: Fylgiskjöl, 1990, bls. 434-435



⁸ J. Johnsen, 1847, bls. 5


⁹ Túnakort Hnappavellir II, Vestur Hjáleiga


Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir: „Austast á undirlendi jarðarinnar er Kvíármýri, graslendi, sem hefur verið nokkurs konar afréttur, svo lengi sem menn vita, en er talinn með eignum Rauðalækjarkirkju 1348 og mun lítið breytt síðan [...]. Austast á Kvíármýri var austasti áfangastaður í Öræfum. Vestan við Kvíármýri taka við Hnappavallaaurar, myndaðir af Hólá og Stigá, litlum jökulám, sem um þá renna. Eru þeir nokkuð grónir, einkum er nær dregur sjó. Vestan við Hnappavallaaura taka við mýrlendi, og eru þar allvið starengi. Fjallendi er nokkurt og víða bratt, en ber ekki margt fé. [...] Nefndarálit frá 11. maí 1849: „Hnappavellir með Hnappavallahjáleigu: Bændaeign. Túnið er gott, fóðrar 5 kýr, engjar víðlendar og vatnasamar, en heyfall að mestu leyti slæmt, hagar eru víðeldnir eftir því sem hér er í sveit. Jörðin álízt að geta framfleytt 7 kúm og 169 fjár. Fjara fylgir jörðinni, heldur rekasæl, [...]. Hagar eru undirorpnir vatna- og sandágangi og jörðin örðug nema fjaran.“ Við þetta hefði mátt bæta: Selveiði í Hnappavallaósi og lítils háttar silungsveiði á sama stað. Torfrista og hellutak hvort tveggja gott. Jörðin hefur litlum breytingum tekið, eftir að þessi lýsing var gefin, þar til nú á síðustu árum vegna ræktunar.“¹⁰

¹⁰ Magnús Björnsson, 1976

5. FORNLEIFASKRÁ

6. Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
A-Skaftafellssýsla	Öræfi	Hnappavellir	Hnappavellir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	1.10.2025	618274	380161
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Útihús	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3502-001	1550-1900	 Mynd 3. Útihús [3502-001] á túnakorti frá 1920.	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Sléttað yfir	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Á túnakorti frá 1920 er útihús merkt á nokkurn veginn þessari staðsetningu. Ekki sést til hússins þar sem búið er að slétta túnið og framkvæmdir hafa átt sér stað á svæðinu þegar fjárhús og niðurgráfin hlaða voru byggð. Þó geta ummerki um húsið enn fundist undir sverði.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Á sléttuðu svæði um 15m NV við fjárhús.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
Túnakort Hnappavellir II, Vestur Hjáleiga			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
A-Skaftafellssýsla	Öræfi	Hnappavellir	Hnappavellir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	1.10.2025	618274	380138
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Útihús	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3502-002	1550-1900	 Mynd 4. Útihús [3502-002] á túnakorti frá 1920.	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Sléttað yfir	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Á túnakorti frá 1920 er útihús merkt á nokkurn veginn þessari staðsetningu. Ekki sést til hússins þar sem búið er að slétta túnið. Þó geta ummerki um húsið ennþá fundist undir sverði.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Um 20m vestan við fjárhús og hlöðu á sléttuðu túni.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Túnakort Hnappavellir II, Vestur Hjáleiga	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
A-Skaftafellssýsla	Öræfi	Hnappavellir	Hnappavellir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	1.10.2025	618326	380150
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Útihús	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3502-003	1550-1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni	 Mynd 5. Útihús [3502-003] á túnakorti frá 1920.	
Sléttað yfir	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Á túnakorti frá 1920 er útihús merkt á nokkurn veginn þessari staðsetningu. Ekki sést til hússins þar sem búið er að byggja hús og leggja veg á svæðinu. Þó geta ummerki um húsið ennþá fundist undir sverði.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Á milli húsa og liggur vegur yfir.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
	Túnakort Hnappavellir II, Vestur Hjáleiga		

6. NIÐURSTÖÐUR

Engar minjar fundust á vettvangi en á túnakorti frá 1920 eru þrjú hús á svæðinu. Ekki sást til neinna ummerkja um þau enda hefur svæðið verið sléttað og á því er fjárhús og niðurgrafin hlaða. Þó er ekki hægt að útiloka að ummerki um húsin sé að finna undir sverði. Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um mótvægisáðgerðir.

Vert er að benda á að, samkvæmt menningarminjalögum, ef áður óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdir **ber að stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands** sem mun þá meta fundinn og taka ákvörðun um framhaldið.



Mynd 6. Horft norður yfir skráningarsvæðið.

7. HEIMILDASKRÁ

Atli Rúnarsson, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. (2024). *Könnunarskurðir í landi Hnappavalla í Öræfum*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Gylfi Helgason. (2023). *Deiliskráning fornleifa á Hnappavöllum í Öræfum: Vegna fyrirhugaðrar starfsmannaaðstöðu í Vestur-hjáleigu*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Íslensk fornrit (B. I-XVII). (1935-2002). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XIII: Fylgiskjöl. (1990). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Atli Rúnarsson. (2024). *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit á Hnappavöllum í Öræfum*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Magnús Björnsson. (1976). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Túnakort Hnappavellir II, Vestur Hjáleiga. (án dags.). Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá - Hnappavellir. (án dags.). Reykjavík: Örnefnastofnun.

8. KORT



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Formleifadeild

- Staðsetning fornminja
- Flákar
- Skráningarsvæði

0 25 50 m

Yfirlitskort yfir skráðar minjar innan skipulagssvæðisins.

Kort 1 Skali 1:1000 8.10.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson

